

ÍS 47 ehf.
Fagraholti 3
400 Ísafjörður

Egilsstaðir, 24.9.2024
UST202401-261/F.Æ.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 28. ágúst 2024 - ÍS 47, Önundarfirði, ID 215

Þann 28. ágúst sl. fór fram reglubundið eftirlit í fiskeldisstöð ÍS 47, Önundarfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Eitt eldra frávik var opið þegar eftirlitið fór fram:

1. Sýni voru ekki tekin á meðan eldissvæðið var hvílt árið 2023.
Sýnataka fór fram þann 3. nóvember 2023, þ.e. eftir að fiskur var aftur settur út á svæðið. Frávikinu er því lokað.

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar:

1. Gæðahandbók rekstraraðila er til staðar en ekki kemur fram hvenær hún var endurskoðuð.

Fjögur frávik komu fram er varða:

1. Gr. 5.1 í starfsleyfi. Gild vöktunaráætlun er ekki til staðar.
2. Gr. 3.2 í starfsleyfi. Ársyfirliti fyrir árið 2023 var ekki skilað á tilskildum tíma.
Ársyfirliti var skilað þann 28. ágúst sl. og er frávikinu því lokað.
3. Gr. 3.3 í starfsleyfi. Grænu bókhaldi fyrir árið 2023 var ekki skilað á tilskildum tíma.
Grænu bókhaldi var skilað þann 28. ágúst sl. og er frávikinu því lokað.
4. Gr. 3.3 í starfsleyfi. Útstreymisbókhaldi fyrir árið 2023 var ekki skilað á tilskildum tíma.
Útstreymisbókhaldi var skilað þann 28. ágúst sl. og er frávikinu því lokað.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 15. október 2024.

Virðingarfyllst

Freyr Ævarsson
sérfræðingur

Sigríður Kristinsdóttir
teymisstjóri